

119

25. nóv.

## AUGLÝSING

## um aðflutningsgjald af kassaefni um fisk til útflutnings.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir ákveðið að nota heimild 22. gr. XII. fjárlaga fyrir árið 1939 og innheimta frá þessum tíma til ársloka 1939 aðflutningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið annað meir en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Jafnframt verður endurgreiddur mismunur á aðflutningsgjöldum, sem innheimt hafa verið af slíkum kassaefnum á þessu ári, og aðflutningsgjöldum, sem innheimt hefðu verið af kassaefnum, ef þau hefðu verið reiknuð sem um almennan trjávið hefði verið að ræða.

Þetta er hér með birt almenningi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1938.*

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

*Einar Bjarnason.*

120 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Vegasjóð Fellahrepps, útgefin á  
26. nóv. venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. nóvember 1938. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Vegasjóð Fellahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vegasjóður Fellahrepps“ og er stofnaður með kr. 2000 af andvirði seldra tófuyrðlinga árið 1929.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera það, að hjálpa til að leggja vegi færa bifreiðum um Fellahrepp og viðhalda þeim eftir því, sem tekjur hans leyfa. Framlög úr sjóðnum til vegabóta, móti framlagi sýslu- eða ríkissjóðs, gangi fyrir framlagi hreppsþúa.

3. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum, áheitum og fleiru.

4. gr.

Nú þegar má verja hálfum vöxtum sjóðsins í þágu veganna, en þegar vextirnir eru orðnir kr. 300.00, má verja  $\frac{2}{3}$  vaxtanna til veganna. Hinn hluti vaxtanna og aðrar tekjur sjóðsins, skulu ávallt leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Sveitarstjórn Fellahrepps skal annast ávöxtun vegasjóðsins, reikningshald hans og bera ábyrgð á honum eins og öðrum eignum hreppsins. Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að fé sjóðsins sé ávallt á tryggum stað, svo sem í Landsbanka Íslands, banka-

vaxtabréfum, jarðræktarbréfum, eða á öðrum jafn tryggum stað, að dómi sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ber sjóðstjórnnum að færa sérstaka bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins, og færa í hana ársreikning hans. Skal sjóðstjórnin halda reikningshaldi sjóðsins aðskildu frá reikningum hreppsins. 120  
26. nóv.

6. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal sendur endurskoðanda sveitarsjóðsreikninganna til endurskoðunar, ásamt hreppsreikningi, og síðan sýslunefnd Norður-Múlasýslu til samþykktar og birtingar í sýslufundargerðinni. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

7. gr.

Sjóðstjórnin haldi sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, tillögur sjóðstjórnar um framlög úr sjóðnum, samþykktir hreppsfunda og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Eigi má veita framlög úr sjóðnum til vegabóta í hreppnum, nema tillögur þar um, hvort heldur frá sjóðstjórn eða öðrum, hafi verið bornar upp á almennum lögmetum hreppsfundi og samþykktar þar.

9. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf samþykki lögmeats hreppsfundar Fellahrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og konungsstaðfestingu.

Sjóðinn má leggja niður, að fengnu samþykki hreppsfundar Fellshrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og stjórnarráðsins.

10. gr.

Leita skal samþykkis sýslunefndar Norður-Múlasýslu á skipulagsskrá þessari, og konungsstaðfestingar á henni.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi 14. apríl árið 1936.

Í HREPPSNEFND FELLAHREPPS

Einar Einarsson. Hallgrímur Ólafsson. Gunnlaugur Eiríksson.

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Múlasýslu, 27. maí 1937.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930. 121  
28. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 1 13. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Á eftir „ósæmilegum orðum“ í 2. málslíð 1. mgr. 7. greinar komi: vera áberandi ölvaður.

2. mgr. falli burtu.